

Reglugerð um afrekssjóð UMSB

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður (áður afreksmannasjóður) UMSB, stofnaður á 86. sambandsþingi UMSB 13. mars 2008.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan UMSB sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.

3. gr.

Eingöngu félagar innan aðildarféлага UMSB sem hafa jafnframt keppt fyrir sitt aðildarfélag á árinu, eða íbúar með lögheimili í sveitarfélagi á sambandssvæði UMSB geta hlotið styrk úr sjóðunum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin er skipuð þremur einstaklingum með þekkingu á íþróttum. Stjórnin skal kosin á sambandsþingi UMSB til tveggja ára. Einnig skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Stjórn er heimilt að kalla til varmann ef stjórnarmaður verður vanhæfur vegna persónulegra tengsla við mál. Skal þá viðkomandi stjórnarmaður víkja sæti og varamaður taka sæti í hans stað.

5. gr.

Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri UMSB. Skoðunarmenn UMSB eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum UMSB, samkvæmt reglugerð þar um
- Frjáls framlög og söfnunarfé
- Framlög sveitarféлага á starfssvæði UMSB
- Framlag UMSB
- Tekjur af ávöxtun sjóðsins

7. gr.

Styrkveitingar:

a. Veita má styrk úr sjóðnum vegna þátttöku á eftirtöldum alþjóðamótum:

- Ólympíuleikum
- Heimsmeistaramótum
- Evrópumeistaramótum
- Norðurlandameistaramótum
- Smáþjóðaleikum

- Öðrum mótum sem sérsambönd viðurkenna sem alþjóðleg mót

b. Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.

c. Heimilt er að veita styrk til einstaklinga sem standa framarlega í sinni íþróttagrein samkvæmt styrkleikaflokkun sérsambanda.

8. gr.

Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Úthlutanir skulu þó ekki fara yfir 75% af tekjum hvers árs.

9. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í mars ár hvert. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. Mars undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Með umsókn skal fylgja greinargerð frá keppanda um helstu afrek og hvernig fyrirhugað er að nýta styrkinn. Heimilt er að úthluta úr sjóðnum á öðrum tíma en að framan greinir ef sérstaklega stendur á.

10. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt á sambandsþingi UMSB í félagsheimilinu Þinghamri 8. mars 2023 og öðlast þegar gildi. Með samþykkt þessari fellur úr gildi eldri reglugerð um afreksmannasjóð UMSB frá 2016.

Lög var til eftirfarandi breyting um reglugerð:

Lagt var til og samþykkt samhljóða að breyta nafni sjóðsins úr afreksmannasjóði í afrekssjóð, engar efnislegar breytingar voru gerðar.

Reglugerð þessi var endurskoðuð á sambandsþingi UMSB 8. mars 2023